

Prestur: Jóhanna Sólrún Norðfjörð
Guðspjall: Helgi Guðnason
Tónlistarstjóri: Óskar Einarsson
Þverflauta: Fanny K. Tryggvadóttir
Söngur: Gospeltónar; Hrönn Svansdóttir,
Fanny K. Tryggvadóttir og Óskar Einarsson

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn lokinni á Hótel Natura Berjaya (áður Loftleiðir)**

Bálför fer fram síðar

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Prentun: Litróf




















# Arna Hansen

Fædd 19. janúar 1970
Dáin 31. maí 2026



Útför frá Háteigskirkju
þriðjudaginn 16. júní 2026

# Forspil

### *Dag í senn*

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti´ af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

*Sigurbjörn Einarsson / Ahnfelt*

# Ávarp og bæn

### *Hærra minn Guð til þín*

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

*Matthías Jochumsson / Adams*

# Ritningarlestur

### *Drottinn er minn hirðir*

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

*23. Davíðssálmur / Margrét Scheving*

# Ritningarlestur

### *Lýs milda ljós*

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum bárur, brim og voðasker.
nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Matthías Jochumsson / Newman*

# Guðspjall

### *Hljóður*

Fel mig nú í faðmi þér.
Vernda mig með þinni sterku hönd.
Þegar hafið rís og stormur hvín
hefur þú mig upp og gætir mín.
Faðir, flóðin hörfa fyrir þér.
Þú ert minn Guð, hljóður ég er.
Í þér er hvíld, ó Kristur minn.
Traust á þig, nú leysir kraftinn þinn.

*Árný Jóhannsdóttir / Reuben Morgan*

# Minningarorð

### *Á meðan hjartað slær*

Á meðan hjartað slær
vil ég lofa þig.
Ég vil heiðra þig
á meðan ég lifi.

Hvert sem liggur leið
vil ég fylgja þér.
Á meðan hjartað slær
vil ég lofa þig.

### *Dýrðin er þín*

Dýrðin er þín, þú hinn hæsti.
Dýrðin er þín, þú hinn hæsti.
Krýndur þú ert, konungstign.

Hátt upp hafinn, ofar himnum,
æðri öllum, Guð þú ert.
Allir englar og öll þín sköpun,
vitna um þín máttarverk.

Dýrðin er þín, dýrðin er þín,
dýrðin er þín, dýrðin er þín.

### *Þú ert verðugur þess alls*

Þú ert verðugur þess alls.
Þú ert verðugur þess alls,
því frá Þér kemur allt
og fyrir Þig er allt.
Þín er dýrð og heiður.

# Bæn og Faðir vor

### *Náðarfaðmurinn*

Náðarfaðmurinn Frelsarans
er opinn öllum í dag.
Hann fyrirgefur og frelsar.
Þau sem koma
á hann vona.
Engum neitar, færir allt í lag.

*Guðni Einarsson / Óskar Einarsson*

### *Dýrðlegast nafn*

Dýrðlegast nafn, sem er nefnt hér á jörð: Jesús, Jesús,
trúuðum safnar í hólpinna hjörð, Jesús, Jesús.
Það hefir styrkt mig í þrautanna dal,
það hefir glatt mig í hátíðasal.
Duga mér einnig í dauðanum skal, Jesús, Jesús.

Þegar til hvíldar ég halla mér rótt, Jesús, Jesús,
erum við saman þá einir um nótt, Jesús, Jesús.
Þá verða smávaxin þrekvirkin mín,
þá verða stórvirkin lítil að sýn.
Vonlaus og máttvana verð ég án þín, Jesús, Jesús.

Hvísla þá að mér í blundinum blítt, Jesús, Jesús.
Hvísla því aftur og aftur á nýtt, Jesús, Jesús.
Hrekur það andstyggð og illsku á braut,
óttanum hrindir og sigrast á þraut.
Höfðinu´ að síðustu´ ég halla´ í þitt skaut, Jesús, Jesús.

*Magnús Runólfsson / Hjalmar Hansen*

# Moldun

### *Allt eins og blómstrið eina*

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson / Hans Thomissøn*

# Blessun

### *Blessunarorðin*

Drottinn blessi þig og varðveiti
Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig
og sé þér náðugur, sínu augliti upplyfti
yfir þig gefi þér frið Amen.

*4. Mósebók 6:24-26 / Tone Ødegård*

# Eftirspil

*Cavatina*

*Stanley Myers*